



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2024

## **Auglýsingar FVN ehf. á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum sérverslana og framleiðanda nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir þær, sendi stofnunin bréf til FVN ehf., rekstraraðila Fairvape, Silfurskýs, Grand Vape Shop og vefsíðnanna fairvape.is og snuskongurinn.is, dags. 27. desember 2023. Greindi stofnunin frá þeim athugasemdum sem stofnunin gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara. Þótti stofnuninni rétt að benda félaginu á að feli auglýsingar í sér vöru án nikótíns hjá verslunum sem selji að langstærstum hluta nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, leggi stofnunin mat á það hversu augljóst það sé m.v. uppsetningu viðkomandi auglýsingar, almennt vöruúrval félagsins og hvort umbúðir séu sambærilegar vörum með nikótíni.

Utan á Silfurský, verslun félagsins á Selfossi, mætti finna beinar tilvísanir til nikótínvara, rafretta og áfyllingar fyrir þær. Þar væri heiti verslunarinnar umkringgt orðunum „nikótínþúðar“, „veipur“, „einnota rafrettur“ og „vökvar“, ásamt þýðingum hugtakanna á ensku. Taldi stofnunin að 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 kæmi til athugunar við mat á því hvort um auglýsingu á nikrónvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær væri að ræða.

Þá benti stofnunin á að á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi finna myndir sem sýni nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær með beinum hætti.



Stofnunin telji það koma til skoðunar hvort færslurnar feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Vísaði stofnunin einnig til þess að ýmsar lýsingar á vörum á vefsíðu félagsins, fairvape.is og snuskongurinn.is, hafi gengið lengra en hlutlaus lýsing á einkennum og bragði varanna með notkun jákvætt hlaðinna lýsingarorða, oft í formi langra lýsinga á bragðupplifun neytandans. Taldi stofnunin að 1. mgr. 11. gr. laganna kæmi jafnframt til skoðunar við mat á því hvort lýsingarnar kynnu að fela í sér brot.

Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

Ekkert svar barst stofnuninni þrátt fyrir ítrekun á erindi sínu, dags. 2. febrúar 2024. Í ljósi þess lýsti stofnunin gagnaöflun lokið í málinu með bréfi til félagsins, dags. 21. febrúar 2024 og félaginu tilkynnt að málið yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær hjá verslunum í eigu FVN ehf. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins, vefsíðum þess, fairvape.is og snuskongurinn.is og utan á versluninni Silfurský á Selfossi. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Við meðferð málsins bárust engin svör frá félaginu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Var málið því tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

#### 2.

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

*„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til*



*áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*“

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.

Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:

*„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, ústillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.*

Skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast neytendum á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

### 3.

Í máli þessu verður lagt mat á það hvort FVN ehf., rekstraraðili sérvöruverslana með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, undir heitunum Fairvape, Snuskóngurinn og



Silfurský, hafi brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, með ólögmætum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær.

Hvað varðar færslur félagsins á samfélagsmiðlum, undir nöfnunum Fairvape, Snuskóngurinn og Silfurský, er um að ræða myndbirtingar eða sk. Stories sem sýna með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, eða þar sem þær eru sýndar óbeint, t.a.m. í bakgrunni auglýsingarinnar. Auglýsingarnar eru birtar í mismunandi tilgangi, ýmist til að auglýsa gjafaleiki, verðlækkunar eða til að kynna sjálfa vöruna. Þykir Neytendastofu engum vafa undirorpið að myndbirtingar með þessum hætti séu til þess að auka sölu á téðum vörum, enda vandséð að sérværslun með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær birti myndir af vöruúrvali sínu í öðrum tilgangi en að kynna vörunar fyrir neytendum til að auka sölu þeirra. Samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er því um auglýsingu að ræða í skilningi laganna. Bendir stofnunin jafnframt á að ekki skiptir máli hvort nikótínvörur, rafrettur eða áfyllingar fyrir þær séu í forgrunni auglýsingar eða sjáist í bakgrunni hennar. Allar auglýsingar á slíkum vörum eru bannaðar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu telur stofnunin að umræddar myndbirtingar á samfélagsmiðlum félagsins feli í sér auglýsingar á nikótínvörum og rafrettum sem brýtur gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Þá ber að meta hvort hugtök framan á verslun félagsins, Silfurský, hafi falið í sér brot gegn ákvæðinu. Er það mat stofnunarinnar að auglýsingabannið nái jafnframt til kynninga sem eru utan á verslunum sem selja vörur af þessu tagi, enda er skilgreining laganna á hugtakinu „auglýsing“ rúm, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna. Eins og áður hefur komið fram mátti finna hugtökin „*nikótínþúðar*“, „*veipur*“, „*einnota rafrettur*“ og „*vökvar*“, ásamt þýðingum hugtakanna á ensku, n.tt. „*disposable vapes*“, „*vape*“, „*nicotine pouches*“ og „*e-liquid*“. Er ljóst að um er að ræða beinar tilvísanir til nikótínvara, rafretta og áfyllingar fyrir þær. Telur stofnunin að félagið sé með því að tilgreina þær vörur sem félagið selur utan á verslun sinni að koma vöruúrvali sínu á framfæri við neytendur til að auka sölu þeirra. Hefur félagið með því að birta framangreind hugtök utan á verslun sinni brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Varðandi lýsingar á vörum félagsins á vefsíðum þess, fairvape.is og snuskongurinn.is, verður að mati stofnunarinnar almennt að setja takmörk fyrir því hvað fyrirtæki geta birt í lýsingum við þær vörur sem bannað er að auglýsa á grundvelli laga nr. 87/2018. Kemur ákvæði 1. mgr. 11. gr. ekki í veg fyrir að fyrirtæki birti hlutlausar upplýsingar um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær á vefverslun sinni sem skylt er að veita á grundvelli annarra laga, t.a.m. er skylda á seljendum að birta upplýsingar um helstu eiginleika vöru eða þjónustu, sbr. t.d. a. liður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga. Sé hins vegar gengið lengra við gerð slíkra lýsinga með jákvætt hlöðnum lýsingarorðum um vöruna eða eiginleika hennar kunna þær að fela í sér auglýsingu í skilningi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Dæmi um lýsingar sem FVN birtir um vörur sínar á vefsíðum sínum eru: „*We have combined creamy*



*almond milk with a cool cappuccino to bring you the perfect afternoon delight!"; „pineapple layered with lime soda that will surely make you taste its freshness without getting bored!"; „Ripe Grapes were chosen specially for you, blended together with fresh, sweet and succulent raspberries.“ og „You should have this one. The taste is like getting kissed by God under a rainbow of delicious tobacco goodness and cigar with a hint of almond afterwards that makes the world seem not so bad.“* Eru jafnframt að finna fjölda annarra lýsinga á rafrettum og áfyllingum fyrir þær á vefsíðum félagsins þar sem notuð eru lýsingar á borð við „*perfect*“, „*delicious*“, „*smooth*“, „*freshness*“, „*one of the best*“, „*refreshing*“, „*invigorating*“ o.s.frv. Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að upplýsingum um einkenni og bragð er ofaukið með lýsingum sem innihalda eins jákvætt hlaðin lýsingorð og hér um ræðir, til viðbótar við hlutlausar upplýsingar um heiti bragðs eða eiginleika vörunnar, og þær til þess fallnar og settar fram með það að markmiði að auka sölu vörunnar og gera hana meira aðlaðandi fyrir neytendur. Ganga framangreindar lýsingar lengra en hlutlaus og einföld kynning á eiginleikum vöru og/eða vörumerkis og því einungis til þess fallnar að ýta undir að neytendur versli umrædda vöru. Á þeim grundvelli telur stofnunin að á vefsíðum félagsins, fairvape.is og snuskongurinn.is, sé ítrekað brotið gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 í lýsingum fyrir nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Með hliðsjón af framsetningu allra framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna FVN ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot FVN ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á FVN ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 400.000,- (fjögur hundruð þúsund krónur).



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„FVN ehf., Fákafeni 11, 108 Reykjavík, hefur með því að auglýsa nikótínvörur í markaðsefni á samfélagsmiðlum sínum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

FVN ehf. hefur með því að birta jákvætt hlaðnar lýsingar með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær á vefsíðunum fairvape.is og snuskongurinn.is brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

FVN ehf. hefur með því að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær framan á verslun sinni brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa FVN ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er FVN ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 19. júní 2024

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir